



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 2. febrúar 2021

2012025SA KB
Málalykill: 00.63

Efni: Umfjöllun stjórnar sambandsins um umsögn um frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 29. janúar sl. var lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 25. janúar 2021, um frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð, 369. mál.

Eins og fram kemur í umsögninni stóð sambandið fyrir umræðufundi um málið þann 18. janúar sl. þar sem umhverfis- og auðlindaráðherra og sveitarstjórnarmenn skiptust á skoðunum um málið. Við gerð umsagnarinnar var tekið tillit til umfjöllunar á fundinum ásamt umsögnum þeirra sveitarfélaga sem hafa látið sig málið varða.

Í umsögn sambandsins var skýrt tekið fram að fyrirvari væri á umsögninni sökum þess að stjórn sambandsins hefði ekki fjallað um hana. Venjan er að umsagnir sambandsins um lagafrumvörp sækji stoð í ítarlega stefnumörkun þess fyrir árin 2018-2022. Oftast er ekki tími til að bíða eftir umfjöllun stjórnarinnar um umsagnir sökum tímafresta sem gefnir eru gagnvart umsögnum. Auk þess er fjöldi umsagna svo mikill á ári hverju að það yrði verulegum örðugleikum bundið að semja allar umsagnir í samráði við ellefu stjórnarmenn. Þess vegna hefur verklagið verið þannig að starfsmenn sambandsins ganga frá umsögnum og eru þær síðan kynntar í stjórn. Það heyrir til undantekninga að gerðar séu athugasemdir við umsagnirnar í stjórn. Einstaka stjórnarmenn bóka þó í sumum tilfellum athugasemdir sínar ef þeir eru ósammála umsögnunum að einhverju leyti. Engu að síður getur sú staða komið upp, sérstaklega í umdeildum málum eins og því sem hér er til umfjöllunar, að fleiri en einn stjórnarmaður geri athugasemdir og óski eftir bókun um afstöðu sína. Í ljósi þess að starfsmenn sambandsins gerðu sér grein fyrir því að mál þetta væri umdeilt **var framangreindur fyrirvari sérstaklega tekinn fram í umsögninni.**

Í stjórn sambandsins sitja ellefu fulltrúar. Tveir gátu ekki mætt á fundinn. Bjarni Jónsson, sveitarstjórnarfulltrúi í Sveitarfélaginu Skagafirði, þurfti að yfirgefa fundinn áður en komið var að þeim dagskrárlið þar sem umsögnin var til umfjöllunar. Áður en til þess kom lagði hann fram eftirfarandi bókun:

„Sveitarfélögin í landinu hafa almennt staðið sig vel og lagt mikla áherslu á sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda, náttúruvernd og varðveislu hefðbundinna landnyttja, ekki síst á hálendinu og mikilvægi þess að nærsamfélagið sé þar í lykilhlutverki. Miðhálendisþjóðgarður sem er í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar stuðlar að náttúruvernd á einstöku svæði sem geymir fágætt lífríki, vistgerðir og sérstæðar jarðmyndanir. Þjóðgarðurinn skapar störf bæði í þjónustu og landvörslu sem brýnt er tryggja að verði í heimabyggð. Mikilvægt er að unnið verði náið með heimamönnum í

öllu ferlinu og hagsmuna heimafólks og sérstaklega bænda gætt í hvívetna. Þannig fæst góður upptaktur í farsælt samstarf stjórnvalda og sveitarfélaganna um hálendisþjóðgarð þegar af honum verður.“

Síðar á fundinum þegar fjallað var formlega um umsögnina lögðu Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri Norðurþings, Heiða Björg Hilmisdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík, Dóra Björt Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík og Guðmundur Ari Sigurjónsson, bæjarfulltrúi á Seltjarnarnesi, fram eftirfarandi bókun:

„Undirrituð geta ekki að öllu leyti tekið undir umsögn sambandsins eins og hún er lögð fram. Það felast ýmis tækifæri í formun hálendisþjóðgarðs en við teljum það lykiltríði að breið sátt ríki um lagafrumvarpið á sveitarstjórnarstiginu þegar endanlegt frumvarp um málið verður lagt fram til samþykktar á alþingi. Undirrituð hvetja til þess að í meðförum þingsins verði leitað allra leiða til að ná þverpólískri samstöðu um málið eins og starfshópur um miðhálendisþjóðgarð lagði upp með í skýrslu sinni. Málið sem slíkt er tímabært og ávinningur af því að skýra og samræma áralagið við stjórnun, verndun og sjálfbæra nýtingu á miðhálendi Íslands.“

Eftir fundinn upplýsti Bjarni Jónsson, stjórnarmenn um að hann væri samþykkur þessari bókun.

Þess er hér óskað að umhverfis- og samgöngunefnd taki framangreindar bókanir til umfjöllunar samhliða umsögn sambandsins frá 25. janúar 2021 við vinnslu og meðferð nefndarinnar á frumvarpi til laga um Hálendisþjóðgarð.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri